

6. bekkur náttúrugreinar

Kennarar: Björn Lúðvíksson; Lára Thors

Lýsing

Undir náttúrugreinar í grunnskóla heyrna m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt. Námið fléttar saman efnisþætti náttúrugreina og viðmið sem varða eflingu ábyrgðar á umhverfinu, vinnubrögð og gildi náttúrugreina, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar og getu til aðgerða. Unnið verður eftir hæfniviðmiðum fyrir 5.-7. bekk í aðalnámskrá grunnskóla, 2013. Á grundvelli þeirra hæfniviðmiða eru kennsluaðferðir, námsefni og matsaðferðir valdar.

Markmið

Íslendingar þurfa, sem hluti af samfélagi þjóða, að vera meðvitaðir um að tækni, mannlegar ákvarðanir og gjörðir hafa sem hafa áhrif á jörðina, nú og til framtíðar. Það er því markmið námsgreinarinnar að fræða nemendur um undirstöðupætti náttúrugreina með ofangreinda hluti til hliðsjónar

Námsefni

Lífríkið í sjó, Auðvitað og Líkami mannsins

Kennsluaðferðir

Leitarnám, umræðu- og spurnaraðferð, fyrirlestur, og hópavinna

Námsmat

Símat sem felur í sér virkni í tímum, vinna í vinnubókum og öðrum verkefnum.

Náttúrugreinar verklag fyrir 5.-7. bekk

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

Náttúrugreinar verklag fyrir 5.-7. bekk - Geta til aðgerða

- Greint þarfir fólks í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar um lausnir.

Náttúrugreinar verklag fyrir 5.-7. bekk - Gildi og hlutverk vísinda og tækni

- Lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum.
- Útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks.

Náttúrugreinar verklag fyrir 5.-7. bekk - Vinnubrögð og færni

- Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni.
- Hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra.
- Útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum.

Náttúrugreinar verklag fyrir 5.-7. bekk - Ábyrgð á umhverfinu

- Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa.
- Tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru.
- Tekið þátt í og sýnt hæfni í samvinnu er lýtur að umbótum í heimabyggð.